HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
Lögg.fast.

Ásmundur Skeggjason
Lögg.fast.

Brynjar Baldursson
Sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Sölufulltrúi

Kristinn Tómasson
Lögg.fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

4. tölublað
7. árgangur

VESTURLAND

— 12. APRÍL 2018 —

UPPFYLLING Í KRÓKALÓNI?

Nú eru uppi áform hjá bæjarstjórn Akraness um að gera allt að 12 til 13 þúsund fermetra uppfyllingu með tilheyrandi stórgrýtisgarði í náttúruperlunni Krókalóni á Akranesi. Þetta er gert vegna óskar iðnfyrirtækisins Skaginn3X um að stækka iðnaðarbyggingar sínar á Grenum við bakka Krókalóns um fjögur þúsund fermetra að flatarmáli. Hér er horft yfir athafnasvæði Skagans3X á Grenjum, áfram yfir Krókalónið, Akranesbæ og til Akrafjalls. Sjá nánar bls. 8. Ljósm.: Friðþjófur Helgason.

Vorboðinn ljúfi

GUÐJÓN ARNAR

Fögur reiðtygi

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
SÍÐAN 1996
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir

Sverrir Einarsson

Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

Hótel-Veitingastaður
Tjaldsvæði
(+354) 456 48 24
www.heydalur.is
heydalur@heydalur.is

Grillbúðin

• Afl 10,5 KW
• 3 brennarar
• Brennarar úr ryðfríu stáli
• Postulínsemalerað eldhólf
• Grillgrindur úr pottjárni
• PTS hitajöfnunarkerfi
• Kveikja í öllum tökkum
• Tvöfalt einangrað lok
• Stór posulínshúðuð efri grind
• Hitamælir
• Auðveld þrif - Bakki fyrir fitu undir öllu grillinu
• Grillflötur 65 x 44 cm

79.900

Vönduð yfirbreiðsla að verðmæti kr. 6.990 fylgir

Opið virka daga 11-18
Laugardaga 11-16

Smiðjuvegi 2, Kópavogi - www.grillbudin.is - Sími 554 0400

Rúmföt og handklæði
fyrir ferðaþjónustuna

Allt lín fyrir:
Hótelið • Gistiheimilið • Bændagistinguna • Airbnb
Veitingasalinn • Heilsulindina • Þvottahúsið • Sérverslunina

Starfsmannafatnaður
fyrir hótel og veitingahús

Eigum allt fyrir:
• Þjóninn
• Kokkinn
• Gestamóttökuna
• Þernuna
• Vikapiltinn
• Hótelstjórnandann

86 ÁRA

EDDA
HEILDVERSLUN
Höfðabakka 9,
110 Reykjavík
Sími 525 8210
eddaehf@eddaehf.is
www.eddaehf.is

Nýji báturinn sem Guðmundur hefur keypt heitir Stekkjarvík AK.

Guðmundur Elíasson um borð í bát sínum Flugöldunni AK í Akraneshöfn sl. laugardagskvöld.

Fánasmiðjan
Fánar, fánastangir og aukahlutir
Nú er rétti tíminn til að koma fánamálunum í gott stand.

s:5772020

Getum við orðið að liði? – Við seljum m.a.
þvottavélar • þurrkara • strauvélar
Frábærar vélar fyrir m.a. þvottahús, hótel og gistiheimili
Eigum hágæða þýskt hótellín

DANUBE
IceFAKTA ehf.
Kirkjustétt 2-6 • 113 Reykjavik • Símar 892 8925 og 567 4577
Netfang: icefakta@icefakta.is • www.icefakta.is
FRUM - www.frum.is

GRÁSLEPPUVERTÍÐIN HAFIN Á VESTURLANDI

AKRANES:

Vorið er komið og menn byrjaðir að draga hrognkelsi. Guðmundur Elíasson skipstjóri og útgerðarmaður á Akranesi var búinn með sex veiðidaga á bát sínum Flugöldunni AK þegar Vesturland hitti hann í Akraneshöfn um liðna helgi. Þá var hann nýkominn úr róðri. „Hver bátur hefur alls 32 veiðidaga. Á þessum sex dögum er ég kominn með þrjú og hálft tonn af grásleppu. Það gerir sjö til átta tunnur af hrognum.“

Unnið á Dragsnesi

Grásleppunni sem Guðmundur veiðir er landað á Akranesi. Síðan er aflinn settur á bíl og farið með hann norður til Drangsness á Ströndum. Þar fer vinnslan fram. „Grásleppan fer heil og óskorin frá mér. Þeir á Drangsnesi sjá svo um alla vinnslu, selja síðan hrognin verkuð í tunnum og verðmætinu sem fæst af því er skipt samkvæmt samningi milli þeirra sem verka og svo hinna sem veiða. Svona var fyrirkomulagið áður fyrr. Svo breyttist það og menn fóru að selja grásleppuna eða hrognin beint til verkunar og fengu þá greitt fyrir. Með því að senda norður á Drangsnes fæ ég hins vegar hlut af söluverðmæti afurðanna og svo er bara að láta reyna á að fá sem hæst verð fyrir þær.“

Markaður í góðu lagi

Guðmundur segist hafa gert þetta með sama hætti í fyrra og það hafi komið vel út. „Markaðsaðstæður fyrir grásleppuhrogn eru mjög góðar í ár. Það er ekkert til í birgðum og næg eftirspurn,“ segir hann en bætir þó við að verðin virðist ekki hafa hækkað mikið frá síðasta ári. „Verðin í fyrra voru svona 200 til 205 krónur fyrir kílóið af grásleppu. Nú er verið að bjóða 210 krónur fyrir kílóið óslægt upp úr sjó. En ég er nú að vonast til að fá meira þegar upp er staðið með samstarfinu við þá á Drangsnesi.“

Gott útlit á grásleppunni í ár hefur gert það að verkum að Guðmundur ætlar að færa út kvíarnar. „Ég ætla að vera með tvo báta á grásleppunni í ár og var að kaupa nýjan bát sem nú hefur verið bætt við flotann hér á Akranesi. Þennan bát fann ég í Vestmannaeyjum, með grásleppuleyfi og öllum búnaði til netaveiða. Stór og fínn með góðu þilfarsrými,“ segir Guðmundur og hlær við.

Þessi mynd var tekin nú eftir áramót. Þarna heldur Guðmundur á stórþorski sem hann dró í Faxaflóanum. „Það var ágæt þorskveiði inni í Hvalfirði eftir áramót. Síðan var mjög góð handfæraveiði nú í mars hér við Akranes. Hið sama gilti um netaveiðina.“

Sigin grásleppa eftirsótt

Þegar Vesturland hitti Guðmund var hann með nýskorna grásleppu í kari um borð í Flugöldunni. „Ég var nú bara að skera fyrir mig til að hengja upp. Það er mjög mikil eftirspurn eftir siginni grásleppu og hún er alltaf að aukast. Það vilja allir fá hana, þetta er eftirsóttur sælkeramaður. Fólk bíður í ofvæni eftir henni. Ég verka ekkert í atvinnuskyni. Það er allt of mikil vinna að stunda slíkt samhliða veiðunum. Það er heldur engin aðstaða fyrir slíkt hér á Akranesi. Það sem ég hengi upp er til eigin nota og svo gef ég vinum og vandamönnum í soðið.“

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is



JACOB stóll frá Calia Italia

SITTING VISION
hvíldarstólar

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

GRACE hægindastóll

ORACOL tungusófi

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

LEIÐARI

Látið Króka-lón í friði

Ég er ekki viss um að allir geri sér grein fyrir því að fjörurnar á Akranesi eru dýrasta náttúrudjásn bæjarins. Ekkert bæjarfélag á landinu getur státað að jafn fagurrri og fjölbreyttri strandlengju. Ótal fjöruvistgerðir eru allt umhverfis Skagann. Langisandur er frægastur en perlurnar eru miklu fleiri. Við getum nefnt Leyni, Sólmundarhöfða, Steinsvör, Flasirnar, Lambhúsasund, Kalmansvík til Höfðavíkur og Blautós. Og svo að sjálfsögðu Krókalónið – þetta grunna sjávarlón með sínum klettum sem verja það gegn öldunni sem oft býður upp á stórkostlegt sjónarspil þegar brimskaflarnir brotna fyrir utan.

Öll þessi svæði verða stöðugt dýrmætari til náttúruskoðunar og útivistar. Akurnesingar hafa verið meðvitaðir um þetta því víða er búið að stórbæta aðgengi. Breiðarsvæðið er gott dæmi um það. Frárennslismál eru komin í gott horf. Menn hafa það nú í hendi sér að nota einmitt þessa fögru náttúru til að laða fleiri íbúa og ferðamenn til bæjarins. Um þetta virðist hafa verið breið sátt meðal bæjarbúa og bæjarstjórnar.

Að heimila risastóra landfyllingu í Krókalóni með húsakosti ofan á því er alger tímaskekkja sem á ekki að koma til greina. Það má alls ekki fara í svona óafturkræf náttúruspjöll fyrir stundargróða. Búi iðnfyrirtækið Skaginn3X við plássvandamál vegna mikils vaxtar að undanförnu þá er nægt landrými tilbúið fyrir iðnaðarstarfsemi annars staðar innan bæjarmarkanna.

Magnús Þór Hafsteinsson

GAMLAR BRÝR Á VESTURLANDI

BORGARBYGGÐ:

Í síðasta tölublaði Vesturlands, sem skoða má frítt á vefnum fotspor.is, hófum við að segja frá gömlum brúm í landshlutanum. Þetta eru brýr sem eru aflagðar fyrir bílaumferð en standa þó enn.

Á síðasta ári fékk Vegagerðin Örnu Björk Stefánsdóttur sagnfræðing til að taka saman yfirlit um vegminjar á Suðvestur- og Vesturlandi. Þessar greinar um gömlu brýrnar á Vesturlandi, ásamt ljósmyndum, eru eftir Örnu. Arna og Vegagerðin hafa veitt Vesturlandi góðfúslegt leyfi til að birta myndir hennar og texta um gömlu brýrnar. Nú þegar vorið og sumarið nálgast með tilheyrandi ferðalögum er tilvalið að rifja upp kynnin af þessum mannvirkjum sem margir hafa séð en vita kannski ekki svo mikið um.

Nú segjum við frá gömlu brúnni yfir Gljúfurá í Borgarfirði. Hún á sína merku sögu eins og sjá má.

Brúin séð frá hlið. Niðri í gljúfrinu má brúarvænginn. Ljóst er að tímans tönn hefur sett sinn svip á þessa tæplega 110 ára gömlu brú.

Gljúfurá í Borgarfirði - Minjabrú

Gamla brúin yfir Gljúfurá liggur á Hringveginum skammt norðan við Svignaskarð í Borgarfirði. Hún er einbreið, járnbent bogabrú, um 22 metrar á lengd, byggð árið 1909. Hún var aflögð árið 1962 og nýtist nú sem göngu- og reiðbrú.

Sögulegt yfirlit

Árið 1908 var að mestu lokið við að leggja veg um Borgarfjörð og jafnframt var undirbúningur hafinn að smíði brúar yfir Gljúfurá. Nokkrar tafir urðu á að vinna við brúarsmíðina hæfist því ákveðið var að hafa hana nokkru ofar en áður var ráðgert.

Brúarsmíðin hófst því ekki fyrr en ári eftir að vegurinn var lagður eða 1909. Brúin á Gljúfurá er bogabrú úr járnbentri steinsteypu, fyrsta brúin af þeirri gerð sem Íslendingar smíðuðu sjálfir. Ári áður hafði danskur verktaki lokið við smíði steinsteyptrar bogabrúar yfir Fnjóská í Vaglaskógi. Gljúfurárbrú var gerð eftir teikningum Jóns Þorlákssonar verkfræðings en verkstjóri við smíðina var Guðjón Bachmann.

Brúin var seinna breikkuð til að geta mætt meiri umferðarþunga, bætt var við hana beggja vegna, og nú eru miklar útfellingar úr steypunni í elsta hluta brúarinnar þar sem járnin liggja. Hún er líka nokkuð illa farin eins og sjá má á myndunum sem fylgja, meðal annars hefur stórt stykki brotnað úr brúarvængnum austan megin árinnar og fallið niður í árfarveginn.

Gljúfurárbrú var aflögð árið 1962 þegar ný, 63 metra löng, tveggja akbrauta brú var tekin í notkun.

Verndargildi

Brúin yfir Gljúfurá er orðin rúmlega hundrað ára svo hún fellur undir ákvæði Minjastofnunar um verndun mannvirkja sem eru yfir hundrað ára gömul. Í lögum um menningarminjar nr.80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013 eru öll hús og mannvirki í landinu sem eru 100 ára eða eldri friðuð.

Brúin yfir Gljúfurá var byggð árið 1909 og er fyrsta bogabrúin úr járnbentri steinsteypu sem Íslendingar byggðu sjálfir. Það gerir hana afar verðmæta fyrir sögu vegagerðar hér á landi. Elsta brúin af þessari gerð er brúin yfir Fnjóská en hún var gerð af dönskum verktökum og flokkast því ekki sem fyrsta íslenska steinsteypta bogabrúin.

Gljúfurárbrú er í dag nýtt sem göngu- og reiðbrú.

4. tölublað, 7. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Magnús Þór Hafsteinsson. Sími: 864 5585 **Netfang:** magnushafsteins@simnet.is. Efni blaðsins er skrifað af ritstjóra nema annað komi fram. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 7.000 eintökum á öll heimili og í fyrirtæki á Kjalarnesi, í Kjós, Akranesi, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Snæfellsnesi og í Dölum. Blaðið liggur einnig frammi á helstu þéttbýlisstöðum á svæðinu.

TOYOTA

ALWAYS A **BETTER** WAY

RAV4 Hybrid

Sjálfhlaðandi Hybrid

ÍSLENSKA/SIA/ISTOY 86969 04/16

RAV4: 4.830.000 kr.
RAV4 Hybrid: 5.390.000 kr.

HYBRID **Orkuskiptin eru hafin!** Gríptu tækifærið og kauptu Hybrid á góðum kjörum.

Náttúrulega blanda

RAV4 Hybrid er svipmikill dugnaðarforkur sem er umhugað um náttúruna. Hann er einstaklega hljóðlátur, hlaðinn nýstárlegum tæknibúnaði, með framúrskarandi aksturseiginleika og nóg rými fyrir fólk og farangur. Hybrid kerfið sér sjálft um að skipta milli bensínmótors og rafhlöðu á orkusparandi hátt. Þú þarft aldrei að stinga í samband og rafhlaðan endist og endist. Veldu umhverfisvæna ánægju – veldu RAV4 Hybrid.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

Vildarpunktar Icelandair með öllum nýjum Toyotum

5 ÁRA ÁBYRGÐ FLEX

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is. Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 5 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Prýðileg reiðtygi sýnd í Þjóðminjasafni

REYKJAVÍK:

Nú stendur yfir sýning í Þjóðminjasafninu sem vert er að vekja athygli á. Hún ber heitið „Prýðileg reiðtygi." Þar er sýnt úrval skreyttra söðla, söðulreiða og söðuláklæða úr safneign Þjóðminjasafns Íslands.

Sýningin var opnuð í Bogasal þann 24. febrúar 2018 og stendur yfir til 21 október 2018. Í tengslum við sýninguna gaf Þjóðminjasafn Íslands út samnefnt rit þar sem fjallað er um söðla og það handverk sem notað var til að prýða þá.

Sýningarhöfundur er Lilja Árnadóttir.

Lilja Árnadóttir leiðir gesti um sýninguna í Þjóðminjasafninu sl. sunnudag. Á veggjum eru ríkulega skreytt forn söðuláklæði.

Gamall kvensöðull frá 19. öld. Talið er að hann hafi verið smíðaður af Páli Einarssyni sem bjó á Sogni í Kjós eða Finni bróður hans á Meðalfelli í sömu sveit.

Kvensöðull frá 18. öld, hugsanlega úr Borgarfirði.

Söðlar kvenna voru oft ríkulega skreyttir og iðulega merktir eigendum sínum. Hér má lesa nafnið Sigridur Tomasdotter. Síðan koma stafirnir AS og ártalið 1769.

BYSTED & WINTHER

Klæðskerasniðin þægindi

Náttúruleg efni, einstakt handverk og PASCAL gormakerfið
gera rúmin okkar að athvarfi fyrir stöðugan gæðasvefn.

FRUMKVÖÐLAR SÍÐAN 1926

DUX®

DUXIANA
Ármúla 10
S-5689950
duxiana.com

DUXIANA®

Háþróaður svefnbúnaður

Hér er horft niður yfir Krókalónið. Iðnaðarhúsnæði Skagans3X er næst á myndinni. Húsin fyrir miðri mynd með nýja þakjárninu voru að mestu reist á uppfyllingunni sem gerð var 2013. Nýja uppfyllingin í lóninu kæmi framan við þessi hús. Það má gera sér í hugarlund hve langt hún nær út í lónið með því að bera ljósmyndina saman við teikninguna sem fylgir hér með. Ljósm.: Friðþjófur Helgason.

ÁFORMA UMDEILDA UPPFYLLINGU Í KRÓKALÓNI

AKRANES:

Fyrirtækið Skaginn3X hefur sótt um að stækka iðnaðarbyggingar sínar á svokölluðum Grenjum, sem er eiðið milli Lambhúsasunds og Krókalóns á Akranesi um fjögur þúsund fermetra. Bæjarstjórn Akraness hefur brugðist við þessu erindi með því að auglýsa breytingar á skipulagi við Krókalón. Þar er horft til þess að stækka verulega landfyllingu til norðurs út í Krókalón. Stækkunin gæti numið 12 til 13 þúsund fermetrum að því er segir í lýsingu bæjarstjórnar á breyttu skipulagi.

Bæjarstjórn Akraness samþykkti á fundi sínum 27. febrúar sl. að auglýsa lýsingu á breyttu aðalskipulagi sem felur í sér áðurgreinda landfyllingu upp á rúmlega 12 þúsund fermetra. Almenningi var veittur frestur til 21. mars að skila inn ábendingum varðandi tillögugerðina. Það voru þannig um þrjár vikur sem fólki gafst tóm til að átta sig á hvað er í bígerð. Skipulagslýsinguna má lesa á vefslóðinni: https://www.akranes.is/static/files/2018/skipulag-i-kynningu/skipulagslysing_grenjar-krokalon.pdf

Umdeild fylling

Ljóst er að þessi áform um frekari uppfyllingu í Krókalóni eru umdeild, ekki síst meðal þeirra sem búa við Krókalónið. Þetta grunna lón er rómað náttúrusvæði með miklu lífríki, ekki síst fugla, og fögru útsýni norður frá Akranesi í átt að Snæfellsnesi. Lónið er sömuleiðis merkur staður í sögu Akraness.

Ein þeirra ábendinga sem skilað var inn er sameiginleg frá Guðmundi Páli Jónssyni, Sveini Kristinssyni og Jóhanni Ársælssyni sem allir eru fyrrum bæjarfulltrúar Akraness til margra ára. Auk þetta er Jónas Ottósson lögreglumaður með í að rita

> *„Það er algerlega óásættanlegt að stækka svæðið enn frekar þ. e. um 12 þúsund fermetra til viðbótar eins og auglýst áætlun segir.*

skjalið. Þeir fjórmenningar krefjast þess að bæjarstjórn Akraness falli alfarið frá því að breyta aðalskipulaginu svo nýja uppfyllingin í Krókalóni verði að veruleika. Þeir segja að nú þegar sé búið að stækka landið á Grenjum um sjö þúsund fermetra. Það var gert árið 2013. Þá hafi verið fullyrt að sú uppfylling yrði tvö þúsund fermetrar en mælingar nú sýni að hún sé í reynd sjö þúsund fermetrar.

Segja framkvæmd óásættanlega

Fjórmenningarnir skrifa: „Það er algerlega óásættanlegt að stækka svæðið enn frekar þ. e. um 12 þúsund fermetra til viðbótar eins og auglýst áætlun segir."

Verði ekki fallist á að hætta við breytingu á aðalskipulagi vilja þeir að fyrst verði gerð heildaráætlun um svæðið umhverfis Krókalón með tilliti til hverfisverndar. Einnig að gerð verði sérstök skoðun á umferðarmálum um götur sem liggja að athafnasvæði Skagans3X. Þeir vilja líka að lagt verði hagfræðilegt mat á skeringu verðmætis fasteigna við göturnar Krókatún og Vesturgötu vegna aukinnar starfsemi á Grenjum og skerðingu á útsýni sem verði stöðugt verðmætara. Með áliti þeirra fylgir listi sem sýnir að brunabótamat íbúðarhúsa við Krókalón er í dag samtals rúmir 1,3 milljarðar króna.

Guðmundur Páll Jónsson fyrrverandi bæjarfulltrúi á lóð húss síns á bökkum Krókalóns á Akranesi. Verði áform bæjarstjórnar Akraness mun stór hluti þess sem sést af lóninu að baki hans verða uppfyllingu og iðnaðarhúsum að bráð.



Uppdráttur Magnúsar H. Ólafssonar arkitekts hjá Markstofa ehf sem sýnir fyrirhugaða uppfyllingu í Krókalóni (rautt svæði), sem nú er á borðum bæjarstjórnar Akraness. Hér er uppfyllingin sýnd eins og hún yrði ef hún væri níu þúsund fermetrar en ekki 12 þúsund eins og rætt er um. Teikningin er samkvæmt uppdrætti í tillögum bæjarstjórnar að breyttu aðalskipulagi. Uppfyllingin frá 2013 er svo í gráu.

Guðjón Arnar Kristjánsson – Æviágrip

Guðjón Arnar Kristjánsson fæddist á Ísafirði 5. júlí 1944. Hann lést 17. mars 2018. Foreldrar hans voru Kristján Sigmundur Guðjónsson smiður, f. 17. nóvember 1911, d. 22. desember 1989, og kona hans Jóhanna Jakobsdóttir húsmóðir, f. 16. október 1913, d. 9. desember 1999.

Systkini Guðjóns eru Jóna Valgerður, Þrúður, Fjóla, Laufey, Freyja, Matthildur, Jakob og Anna Karen.

Guðjón Arnar kvæntist Björgu Hauksdóttur, f. 24. janúar 1941, d. 25. nóvember 1999. Þau skildu. Hinn 31. mars 1989 kvæntist hann Maríönnu Barböru Kristjánsson, f. 7. október 1960. Foreldrar hennar eru Theofil Kordek og kona hans Stanislawa Kordek.

Dóttir Guðjóns og Ástu Ingimarsdóttur er Guðrún Ásta, f. 1963. Dóttir Guðjóns og Ingigerðar Friðriksdóttur er Ingibjörg Guðrún, f. 1966. Synir Guðjóns og Bjargar eru Kristján Andri, f. 1967, Kolbeinn Már, f. 1971, og Arnar Bergur, f. 1979. Börn Guðjóns og Maríönnu (kjörbörn, börn Maríönnu) eru Margrét María, f. 1979, og Jerzy Brjánn, f. 1981. Guðjón á sautján barnabörn og fimm barnabarnabörn.

Guðjón stundaði stýrimannanám á Ísafirði 1964–1965 og tók fiskimannapróf frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1966. Hann var háseti, matsveinn og vélstjóri frá 1959, stýrimaður 1965 og skipstjóri 1967–1997. Hann var formaður Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar 1975–1984 og forseti Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 1983-1999.



Guðjón Arnar heilsar upp á Önnu Jakobínu Guðjónsdóttur frá Dröngum (1913–2006) þar sem hún bjó á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Höfða á Akranesi. Anna var föðursystir Guðjóns Arnars.

Guðjón Arnar var hafsjór af þekkingu um sjávarútvegs- og byggðamál. Atvinnugreinin, byggðir landsins og fólkið sem þar býr stóð hjarta hans nærri. Hér við Reykjavíkurhöfn árið 2001.

Guðjón Arnar í Klakksvík í Færeyjum sumarið 2003.

Guðjón sat í Verðlagsráði sjávarútvegsins, Starfsgreinaráði sjávarútvegsins, stjórn Fiskveiðasjóðs, skólanefnd Stýrimannaskólans, í stjórn Fiskifélags Íslands og stjórn Slysavarnaskóla sjómanna. Þávar hann varafiskimálastjóri og sat í stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands 1979–1999 og stjórnarskrárnefnd 2005–2007.

Guðjón var varaþingmaður Vestfirðinga október 1991–199. Hann var alþingismaður Vestfirðinga 1999–2003 og alþingismaður Norðvesturkjördæmis 2003-2009 (Frjálslyndi flokkurinn).

Guðjón var formaður Frjálslynda flokksins 2003-2010 og formaður þingflokks Frjálslynda flokksins 1999–2004.

Útför Guðjóns fór fram að viðstöddu fjölmenni í Hallgrímskirkju í Reykjavík fimmtudaginn 5. apríl 2018.

Guðjón Arnar Kristjánsson skipstjóri og alþingismaður hvílir í Mosfellskirkjugarði í Mosfellsdal.

Stjórnmálamaðurinn Guðjón Arnar Kristjánsson.

Minningarorð eftir Jón Bjarnason

Kynni okkar Guðjóns Arnars hófust á Alþingi 1999. Auðsætt var að þar fór einlægur baráttumaður fyrir bættum hag og réttindum alþýðufólks, aldraðra, öryrkja og annarra þeirra sem höllum fæti standa.

Guðjón var sjálfur alinn upp við glímutök harðrar lífsbaráttu í litlum sjávarbyggðum. Þar var lífsbjörgin sótt á fengsæl mið fyrir ströndinni. Guðjón var ötull talsmaður hinna dreifðu byggða, ekki síst heimaslóða sinna á Vestfjörðum. Hann barðist fyrir rétti íbúanna að mega draga sér björg úr sjónum og lagðist því hart gegn einkaeignarstefnu kvótakerfisins í sjávarútvegi. Honum sárnaði að sjá ævafornan veiðirétt sjávarbyggðanna vera tekinn frá íbúum og gerðan að markaðsvöru sem safnaðist á æ færri hendur – oft órafjarri fólkinu við ströndina.

Guðjón bar djúpa virðingu fyrir náttúrunni, fjölbreytileika hennar og þeim öflum sem réðu þar ferð. Hugleikin var honum verndun lífríkis sjávar, einkum innfjarða og á grunnslóð gegn stórvirkum veiðarfærum sem gátu skaðað viðkvæm fiskseiði eða skrapað upp sjávarbotninn á uppeldisstöðvum.

Á öllum þingum sem við sátum saman flutti hann tillöguna um frjálsan rétt til strandveiða. Ég stenst ekki freistinguna að vitna beint í texta Guðjóns:

„Það hefur löngum verið réttur Íslendinga við sjávarsíðuna að fá að róa til fiskjar og útróðrajarðir voru líklegri til þess að brauðfæða fólkið og gefa tekjur en þær jarðir sem illa lágu við fiskislóð. Útróðraréttur var metinn sem verðmæti í jörðum og talinn til hlunninda. Í gömlum lögum var öllum tryggður veiðiréttur í fjörðum og flóum. Þannig orðað að rétt ættu menn til fiskveiði sinnar nema síldveiði sem



Jón Bjarnason.

öllum væri heimilt að stunda hvar sem væri. Landsmenn áttu þannig allir tryggan forgang til botnfiskveiða næst sínum byggðum. Með þessu frumvarpi verður þeim sem rétt hafa til þess að stjórna skipum veittur þessi veiðiréttur á nýjan leik.“

Það var mér sannkallað gleðiefni að fá Guðjón til liðs í ráðherratíð minni og eiga þátt í að koma á strandveiðum og þróa veiðikerfi fyrir þær o.fl. Guðjón naut virðingar samfélagsins, var hafsjór af fróðleik um allt er laut að fiskimiðunum í kringum landið. Guðjón var ljúfur samstarfsmaður, traustur og lífsglaður félagi.

Mér er minnisstæð ferð okkar til Kína, þar sem við stóðum á Torgi hins himneska friðar og mannfjöldinn að mynda sig við hliðina á styttunni af Mao Tse Tung. Þegar Guðjón birtist á torginu sneri mannfjöldinn sér frá Maó og þyrptist að Guðjóni, þessum kvika og þéttvaxna manni, en stytta Maós stóð ein og yfirgefin. Og þarna stóð Guðjón, hlýr og brosandi á torgi friðarins góða stund, umkringdur Kínverjum sem allir vildu fá mynd af sér með Guðjóni.

Það er mikill sjónarsviptir að Guðjóni Arnari. Hann var sannarlega maður fólksins, sjómannanna, íbúanna í strandhéruðunum, þar sem var heimavöllur hans frá barnæsku. Baráttumál Guðjóns voru einlæg og skýr.

Ég þakka Guðjóni Arnari samfylgdina. Blessuð verði minning hans. Guð gefi landi voru marga slíka eins og Guðjón Arnar Kristjánsson.

Jón Bjarnason, fyrrum skólastjóri, alþingismaður og ráðherra.

Wendel

Tæki til verklegra framkvæmda



Ammann Epoke Johnston RIKO Tuchel Overaasen Optimas

A. Wendel ehf - Tangarhöfða 1 - 110 Reykjavík - Sími 551 5464 - wendel.is

Örn Pálsson:

Launamál forstjóra – ábyrgð lífeyrissjóða

Gildi lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins og námu eignir hans um síðustu áramót 517 milljörðum. Fjölmargir sjómenn og aðilar tengdir sjávarútvegi eru greiðendur í Gildi enda sjóðurinn afurð samruna Lífeyrissjóðs sjómanna og Lífeyrissjóðs Framsýnar í júní 2005.



Greinarhöfundur gagnrýnir ofurlaunakjör margra forstjóra sem hann segir að stórum hluta á ábyrgð lífeyrissjóðanna. Fjölmargir sjómenn og aðrir starfsmenn í sjávarútvegi eru í lífeyrissjóðnum Gildi sem er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins.

Öldurót

Undirritaður hefur í gegnum tíðina mætt á ársfundi Gildis sem sjóðfélagi, framkvæmdastjóri LS og meðlimur í fulltrúaráði sjóðsins. Á fundunum hef ég flutt tillögur til breytinga á samþykktum sjóðsins og almenns eðilis, auk þess að leggja fram fjölmargar fyrirspurnir sem lúta að starfsemi hans.

Að undanförnu hefur ríkt mikið öldurót um starfskjör forstjóra stórra fyrirtækja hér á landi þar sem lífeyrissjóðir eru helstu eigendur. Forsvarsmenn stéttarfélaga hafa gagnrýnt og sagt þau úr hófi. Undirritaður er þeim sammála. En hvað er til ráða? Það hélt ég vera einfalt mál. Tillöguna flutti ég árið 2014:

Ársfundur Gildis lífeyrissjóðs samþykkir að á næsta stjórnarfundi Haga muni fulltrúi Gildis í stjórn fyrirtækisins bera fram eftirfarandi tillögu:

„Stjórn Haga samþykkir að ráðningasamningur við forstjóra fyrirtækisins verði tekinn til endurskoðunar þannig að mánaðarleg laun, hlunnindi og árangurstengdar þóknanir fari ekki umfram 3,0 milljónir. Jafnframt verði ráðningasamningar annarra stjórnenda fyrirtækisins teknir til endurskoðunar þar sem sambærilegar greiðslur verði innan hóflegra marka.“

Tillagan var í anda við þágildandi samskipta og siðareglur stjórnar og starfsmanna Gildis.

„Sjóðurinn fjárfestir í samfélagslega ábyrgum fyrirtækjum sem fylgja lögum og reglum samfélagsins og viðurkenndum viðmiðunum um góða stjórnarhætti og viðskiptasiðferði. Sjóðurinn fjárfestir ekki í fyrirtækjum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings með ósanngjarnri framkomu gagnvart starfsfólki s.s. varðandi kjör og stjórnunaraðferðir eða með óhófi í launamálum stjórnenda sem og öðrum rekstrarþáttum. Stjórn tekur afstöðu til slíkra mála sem upp koma og ákveður hvort selja eigi hlut sjóðsins í ljósi þeirra viðbragða sem athugasemdir við óeðlilega starfshætti fá.“

Ástæða þess að Hagar urðu fyrir valinu var stór eignarhlutur sjóðsins – 10,4% - í fyrirtækinu og að mánaðarlegargreiðslur til forstjóra þess starfsárið 2012–2013 voru 6 milljónir. Tillögunni var ætlað að skerpa áherslur sjóðsins þar sem óumdeilt var að slík ofurlaun væru ekki innan þess siðferðisramma sem Gildi hafði sett sér.

Afdrif tillögunnar varð sú að samþykkt var að vísa henni til stjórnar, sem tæki hana til efnislegrar meðferðar í samræmi við og samkvæmt samskipta- og siðareglum hluthafastefnu sjóðsins. Þetta taldi ég vera skýr skilaboð til stjórnar.

Þögulir fulltrúar

Á tilvitnuðum fundi kom mér á óvart hversu þögulir fulltrúar eigenda sjóðsins voru þegar tillagan var rædd. Ekki síst þ.s. lægstu taxtar Eflingar á þeim tíma voru 201 þúsund í mánaðarlaun þrátt fyrir að þá væri nýbúið að undirrita kjarasamning sem fól í sér 2,8% hækkun.

Á fundinum var tekist á um tillöguna. Vilji stjórnarformanns, sem þá var fulltrúi atvinnurekenda, var að við atkvæðagreiðslu yrði grein 5.4. í samþykktum sjóðsins höfð til hliðsjónar. Við lestur hennar rann upp fyrir mér sú staðreynd að eigendur sjóðsins gætu ekki fengið neitt samþykkt sem andstæða var við hjá atvinnurekendum. Greinin er óbreytt í dag og orðast svo:

„Við atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktum þessum. Þó er heimilt að óska eftir skiptri atkvæðagreiðslu, þannig að fulltrúar samtaka atvinnurekenda og stéttarfélaga greiða atkvæði hvor í sínu lagi og þarf þá tilskilinn meirihluta í báðum hlutum fulltrúaráðsins svo að samþykkt sé lögmæt.“

Rétt er að geta þess að á ársfundi hafa þeir einir atkvæðisrétt sem eru í fulltrúaráði sem skipað er að jöfnu fulltrúum launþega (eigenda sjóðsins) og atvinnurekenda alls 160 aðilum.

Eins og áður sagði kom ekki til þess að atkvæðagreiðsla færi fram þar sem formaðurinn dró tillöguna til baka eftir málsmeðferðartillögu fundarstjóra.

Hvað hefur áunnist?

En hvað hefur áunnist kann einhver að spyrja. Vera kann að einstaka sjóðir hafi haldið aftur af sér að fjárfesta í fyrirtækjum sem reka ofurlaunastefnu hæstráðenda og árlegar launahækkanir þeirra stöðvaðar. Það breytir því þó ekki að forstjórar fyrirtækja sem eru í ráðandi eigu launþega í gegnum lífeyrissjóði eru enn á launum sem ofbjóða siðferðisvitund almennings.

Samanlögð laun og hlunnindi forstjóra Eimskipa og N1 árið 2017 og Haga (1. mars 2016 - 28. febr. 2017) voru 249 milljónir. Til samanburðar voru árslaun Runar Holleweik forstjóra stærstu matvörukeðju Noregs, Norgesgruppen, 74 milljónir á árinu 2016, hagnaður fyrirtækisins það ár nam 32 milljörðum.

Það er mín skoðun að stærstu lífeyrissjóðir landsins ættu að sameinast í tillögu innan stjórna fyrirtækjanna sem tekur á launum yfirmanna. Náist ekki samkomulag við þá er fátt annað í stöðunni en að skipta um stjórnendur og ráða nýja á góðum launum.

Höfundur er framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda.

Örn Pálsson.

BYSSUSMIÐJA AGNARS
Fagmennska í fyrirrúmi

Winchester 10 skot í pakka:
36gr. 890 kr
40gr. 990 kr
50gr. 1.200 kr

Express og Eley 25 skot í pakka:
24gr. 750kr
28gr. 850kr
36gr. 1.500kr
42gr. 1.700kr
Magnum 1.900kr

STÓRÚTSALA Á HAGLASKOTUM
frá Winchester, Express og Eley meðan birgðir endast!

ELEY LEADING SHOOTING PERFORMANCE
LYALVALE EXPRESS THE 1st NAME IN CARTRIDGES
WINCHESTER

Skemmuvegur 12 - (blá gata)
200 Kópavogi
Sími: 891-8113
doktoraggibyssa@simnet.is
www.galleribyssur.com

Líttu við hjá okkur og gerðu góð kaup á skotveiðivörum

Öll almenn lögfræðiþjónusta

María Magnúsdóttir lögmaður og lögg. fasteignasali

Hvanneyragötu 3, 311 Borgarnesi

sími 899 5600

maria@maria.is

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
Allt hjá okkur

Allt fyrir ATVINNUELDHÚSIÐ

eka
ofnar

DEXION
APPARECCHIATURE E SISTEMI PER LA RISTORAZIONE
gas - span - rafm
eldavélar

TECNODOM
refrigerazione
stál kælar

ARISTARCO
uppþvottavélar

edenox
stál vinnuborð

Allt hjá okkur

Framúrskarandi fyrirtæki

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2016

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Draghálsi 4 - 110 Reykajvík
Sími: 535 1300
Fax: 5351305 - verslun@verslun.is

TAKTIK 4944#

Karl Gauti Hjaltason:

Þjóðferjuleið til Flateyjar skilgreind í lögum

Ferjan Baldur siglir yfir Breiðafjörð og kemur þá við í Flatey.

Nú fyrir páska lagði undirritaður fram frumvarp á alþingi um þjóðferjuleiðir, þar sem ferjuleiðir eru skilgreindar til jafns við þjóðvegi landsins. Upphaf þessa máls var að Vestmannaeyingar hafa lengi kvartað yfir samgöngumálum sínum og fundist einkennilegt að þeirra „þjóðvegur“ fái ekki sömu þjónustu og aðrir þjóðvegir um landið. Bæði er brugðist seinna við ef þessar leiðir lokast vegna ófærðar eða sandburðar og einnig og ekki hvað síst á þetta við um gjaldtökuna, sem er oftast miklu mun hærri en það kostar að aka eftir vegum.

Karl Gauti Hjaltason.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir breytingu á vegalögum sem tekur til siglinga til byggðra eyja við landið. Þannig eru þessar leiðir sérstaklega skilgreindar og gert ráð fyrir að vegagerðin haldi þeim opnum samkvæmt fyrirfram skilgreindum þörfum.

Hér við land ætti þetta nýja frumvarp að koma íbúum á fjórum eyjum til góða. Fyrst ber að nefna Vestmannaeyjar, Grímsey og Hrísey, en jafnframt eiga hér undir siglingar til Flateyjar á Breiðafirði.

Markmið frumvarpsins er að ákveðnar ferjuleiðir falli undir skilgreiningu vegalaga á þjóðvegi vegna sérstöðu sinnar. Lagt er til að þjóðferjuleiðum verði bætt við skilgreiningu vegalaga á þjóðvegum. Undir þessa nýju skilgreiningu falla þá ferjuleiðir sem tengja byggðar eyjar við grunnvegakerfi landsins.

Síðan kemur skilgreining á því að í samgönguáætlun skuli ákveða fjárveitingu vegna kostnaðar við ferjur sem þjónusta þjóðferjuleiðir, samkvæmt þessu til flutnings á fólki og bifreiðum.

Hér er nýtt hugtak, þjóðferjuleið, sem er þá á sama hátt og þjóðvegur leið til og frá byggðri eyju upp á meginland Íslands.

Tekið var mið af niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis frá 2007, þar sem hann komst að þeirri eindregnu niðurstöðu að ferjur yrðu ekki skilgreindar sem þjóðvegir, þrátt fyrir að Herjólfur hefði hlutverk sem væri að nokkru marki eðlislíkt því hlutverki sem vegir hefðu almennt í samgöngum hér á landi. Því er mikilvægt að ráða bót á þessum ágalla hvað samgöngur til byggðra eyja hér við land áhrærir og skylda þannig ríkisvaldið til að standa að rekstri á ferjum á skilgreindum þjóðferjuleiðum í vegalögum.

Ég vona að frumvarpið fái þinglega meðferð sem allra fyrst og að þingmenn Norðvesturkjördæmis sem og Norðausturkjördæmis, sem allir eru umbjóðendur kjósenda sem þetta mál viðkemur, muni styðja frumvarpið.

Karl Gauti Hjaltason,
alþingismaður Flokk fólksins

Iðnaðarmenn og aðrir, kerrurnar frá HUMBAUR hafa margsannað sig á Íslandi!

Tveggjaöxlakerra, 2500kg, gerð 2331, mál: 3,03x1,50m, opnanleg að framan. Verð kr. 431.452, - án vsk.

Flatvagnar-ýmsar stærðir, 2000kg-3500kg, mál frá 2,65x1,65m til 6,10x2,48m.

750kg kerra, gerð 1384, mál: 251x131x35cm með sturtum. Verð kr: 229.839,- án vsk.

750kg kerra, gerð 1374, mál: 251x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 201.612.- án vsk.

750kg kerra, gerð 1376, mál: 205x131x35cm, opnanleg að framan. Verð kr: 169.355.- án vsk.

Startrailer 750kg, gerð 1280, mál: 205x109,5x30cm. Verð kr: 120.888,- án vsk.

Nýtt á Íslandi frá WÖRMANN world of trailers kerrum

Krókhaysiskerra. 3500 kg heildarburður, ýmsar gerðir af gámum.

Unilader. 2700-3500 kg heildarburður, sem véla og sturtukerra.

Topplausnir

WWW.TOPPLAUSNIR.IS / S: 517 7718
SMIÐJUVEGI 40, GUL GATA, KÓPAVOGI

Fagverk verktakar

Framúrskarandi fyrirtæki 2017

www.malbika.is



Við bjóðum:

- Aðstoð og ráðleggingar við val á lausnum fyrir viðskiptavini
- Ástandsskoðun og verðtilboð, viðskiptavinum að kostnaðarlausu
- Malbikun gatna, bílastæða og göngustíga
- Malbikun flugvalla og jarðganga
- Malbiksviðgerðir, sprungufyllingar og aðrar lagfæringar
- Ýmsar tegundir af malbiki, steinefni og malbiksviðgerðarefni
- Skrautsteina í ýmsum litum

Framúrskarandi fyrirtæki

bsi. ISO 9001 Quality Management · ISO 14001 Environmental Management · OHSAS 18001 Occupational Health & Safety Management

HLAÐBÆR COLAS

Gullhella 1, 221 Hafnarfjörður • Sími: 565 2030 • Fax: 565 2038 • Kt.: 420187-1499 • VSK: 9078 • Netfang: colas@colas.is

Grétar D. Pálsson:

Guð blessi ríkisstjórnina – aftur

Greinin sem hér fer á eftir er sjáfstætt framhald fyrri greinar höfundar sem birtist í síðasta tölublaði Vesturlands og ber titilinn „Guð blessi ríkisstjórnina.“ Því blaði var að sjálfsögðu dreift ókeypis á öll heimili og vinnustaði á Vesturlandi en það má einnig skoða rafrænt á vefnum fotspor.is.(Aths. ritstj.).

Mikið var Sigga ánægð með að vera komin í umhyggjuna og félagsskapinn á dvalarheimilinu. Þetta var allt annað líf og öryggi. Allir svo yndislegir. Gott ef það jók bara ekki á vellíðanina að greiða 55.272,- krónur á mánuði, minna gat það varla verið.

Gretar D. Pálsson.

Seld hesthús

Sigga taldi best úr því sem komið væri að selja hesthúsin sem hún átti og leigði Sveini. Hestana var hún búin að selja fyrir löngu. Sveinn vildi kaupa af henni húsin fyrir 11 milljónir. Að bestra manna mati var það ekki ósanngjarnt verð. Sigga hafði keypt húsin árið 2001 fyrir 5 milljónir og að vísu hafði Nonni heitinn, blessuð sé minning hans, gert heilmikið fyrir húsin og þau kostað miklu til, en hvað hafði hún sosum með hesthús að gera komin í hjúkrunarrými.

Svo Sigga seldi Sveini hesthúsin. Pétur fasteignasali rukkaði bara 165.000 í sölulaun, sem er bara sanngjarnt fannst Siggu því pappírarnir þurfa að vera í lagi.

Sérfræðingurinn Gunna systir

Gunna systir sagði Siggu að hún hefði betur hugsað þetta alveg til enda. Gunna er svo mikill kerfisfræðingur, hún er allt að því sérfræðingur í kerfi hins opinbera.

Gunna sagði við Siggu : „Þú keyptir á 5 milljónir, selur á 11 milljónir og greiðir 165 þúsund í sölulaun þú þarft þá Sigga mín að greiða 22% fjármagnstekjur af 5.835.000,- króna söluhagnaðinum, það gera 1.283.700,-kr, þá eru eftir 4.551.300,- kr sem teljast til tekna eftir skatt. Það gera 379.275,- kr á mánuði til viðbótar við 147 þúsundin sem þú hefur í lífeyristekjur eftir skatt, því þarftu elsku systir að greiða til dvalarheimilisins allt sem er umfram 92.228,-kr á mánuði upp að 501.408,- kr. Það gera 409.180,- krónur á mánuði, sem er 353.908,- kr meira en þú greiðir núna eða 4.246.896,-kr meira á árinu vegna söluhagnaðar af hesthúsinu“.

Sigga skilur þetta ekki en þeir hljóta að vita hvað þeir eru að gera mennirnir fyrir sunnan. Ef hún á að greiða ríkinu 5.530.596,-kr, eða 95%, af þeim tæpu 6 milljónum sem þeir fyrir sunnan segja að hún hafi grætt á sölunni, hlýtur það að vera rétt. Hvað veit hún sosum um verðtryggingu og þann kostnað sem þau Nonni heitinn settu í endur-

Listaverkið „Grettistak“ stendur á lóð Dvalar- og hjúkrunaheimilisins Höfða á Akranesi. Það á að minna á afrek eldri borgara þessa lands við að byggja upp nútíma þjóðfélag á Íslandi, sem í ræðum og riti er oft kennt við velferð.

byggingu á hesthúsinu og auðvitað er henni gamalli kellingu í hjúkrunarrými ekki hollt að eiga of mikið af aurum. Hér er séð fyrir flestum hennar þörfum, hvað ætti hún sosum að gera við þetta, ekki færi hún að eyða þessu í tásnyrtingu og hárgreiðslu?

Sigga hlustar ekki

Gunna systir talaði líka eitthvað um fjármagnstekjur og fjármagnsskatt af þessum 11 milljónum í eitt ár því Sigga þyrfti ekki að borga fyrr en á næsta ári þegar framtali væri skilað. Og svo ætti Sigga enn þá 5 milljónir þegar hún væri búin að borga. Ef hún léti krakkana hafa það sem fyrirfram greiddan arf þá þyrftu þau að greiða 10% af því í erfðafjárskatt.

Gunna var með alls konar tillögur um hvernig Sigga hefði átt að fara að, en Sigga hlustaði hvorki né man hvað hún sagði, enda vill Sigga gjalda keisarnum það sem keisarans er og alls ekki snuða samfélagið og allra síst þá sem ekkert eiga. Þeir vita þetta betur fyrir sunnan og kunna miklu betur að fara með þessa peninga. Það er ekki nema sanngjarnt að hún sem hefur stritað allt sitt líf , sýnt ráðdeild og fyrirhyggju og verið svo lánsöm að eignast smá aur láti þá glöð af hendi.

Sigga ætlar í kvöld eins og önnur kvöld að biðja fyrir ríkisstjórninni og sérstaklega að þau noti þessa fjármuni rétt og vel.

Söluhagnaður talinn tekjur

Sagan er kaldhæðinn skáldskapur en útreikningar byggðir á gögnum frá Tryggingastofnun og ríkisskattstjóra.

Söluhagnaður eigna s.s. sumarhúss eða hesthúss er mismunur kaupverðs og söluverðs að frádregnum sölukostnaði (ef eign er keypt 2001 eða síðar eru engar verðbætur). Söluhagnaður er fjármagnstekjur sem bera 22% skatt. Þessi söluhagnaður eftir skatt er reiknaður sem tekjur í útreikningum Tryggingastofnunar.

Sölulaun í þessari sögu er skálduð tala.

Gretar D. Pálsson, Stykkishólmi

Sturtuklefar

Verðdæmi 70cm. 29.544

Verðdæmi 70x70 cm. 30.500

Verðdæmi 70x70 cm 29.600

Sturtuklefar úr hertu öryggisgleri, rennihurðir með 16 hjólum. Heill hornlisti, sturtustangasett og vatnslás fylgja.
Rúnnaðir: stærðir 80 x 80 og 90 x 90 cm.
Kantaðir: stærðir 70 x 70, 80 x 80 og 90 x 90 cm.

Verðdæmi 80x80 cm. 36.800

Verðdæmi 80x80 cm. 32.107



Verðdæmi 70 cm. 26.190

Gæði, úrval & gott verð!
Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332
i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

Textaland er nýtt fyrirtæki á Akranesi

AKRANES:

Textaland veitir fjölbreytta þjónustu á sviði ritaðs máls, m.a. textagerð, prófarkalestur og þýðingar fyrir fyrirtæki, stofnanir og háskólanema, svo eitthvað sé nefnt. Fyrirtækið hóf nýlega starfsemi með formlegum hætti.

Stofnendur Textalands eru Akurnesingarnir Arnar Óðinn Arnþórsson og Halla Sigríður Bragadóttir. Þau eru bæði upplýsingafræðingar og hafa áralanga reynslu af margs konar skrifum og vinnu með texta hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum.

„Þjónustu af þessu tagi hefur vantað hér á Akranesi og reyndar á Vesturlandi öllu, ef marka má viðbrögðin. Þessi þjónusta er þó þess eðlis að við takmörkum okkur ekki okkar landshluta. Við höfum sinnt höfuðborgarsvæðinu og öðrum landshlutum en viðskiptavinir geta verið staddir hvar sem er á landinu eða í heiminum, ef því er að skipta. Grunnhugmyndin er að nýta þá þekkingu, reynslu og menntun sem við höfum aflað okkur í gegnum tíðina til að sinna þeirri eftirspurn sem er eftir þessari þjónustu,“ segir Arnar.

Þau eru bæði eftirvæntingarfull og tilbúin að takast á við þetta verkefni. „Við erum spennt fyrir þessu nýja hlutverki, enda hefur hvorugt okkar komið nálægt rekstri fyrirtækja áður. Við erum vongóð um að Textaland vaxi og dafni á komandi árum,“ segir Arnar.

Arnar Óðinn Arnþórsson og Halla Sigríður Bragadóttir fyrir framan Landsbankahúsið á Akranesi þar sem nýstofnað fyrirtæki þeirra er til húsa.

Arnar hefur skrifað og unnið með texta til opinberrar birtingar síðan 2006. Áður en hann stofnaði Textaland ehf. starfaði hann m.a. sem skjalastjóri og sérfræðingur hjá Norðuráli, deildarstjóri hjá Bókasafni Kópavogs og fulltrúi hjá Neytendastofu og Samkeppnisstofnun (nú Samkeppniseftirlitið).

Halla hefur sinnt fjölbreyttum störfum m.a. hjá Landspítalanum, Orkuveitunni og Símanum. Í dag starfar hún hjá Ritara ehf.

Textaland er staðsett í Landsbankahúsinu við Akratorg.

(Fréttatilkynning)

Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

- mikið úrval aukahluta

Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn

Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur

Fjöldi botnstífa

Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Söluaðilar

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

4. tölublað
7. árgangur

Auglýsingar:
Sími 578 1190 og
auglysingar@fotspor.is

Ritstjórn:
Sími 864 5585 og
magnushafsteins@simnet.is

VESTURLAND

Iain Reid er bróðir Elizu Reid forsetafrúr.

Bók bróðurs forsetafrúar

LANDIÐ:

Út er komin hjá bókaforlaginu Veröld skáldsagan „Ég er að spá í að slútta þessu“ eftir kanadíska rithöfundinn Iain Reid. Þetta er fyrsta bókin sem kemur út eftir hann hér á landi en hann er bróðir Elizu Reid, forsetafrúr okkar Íslendinga.

Forlagið skrifar í kynningu að bókin segi frá Jake og kærustu hans sem heimsækja foreldra hans sem búa á frekar afskekktum bóndabæ. Ýmislegt sérkennilegt mætir unnustunni í þessari ferð og sú mynd sem hún hafði af Jake rímar illa við það sem hún upplifir. Á heimleiðinni lenda þau í blindbyl sem ber þau að auðri skólabyggingu þar sem atburðarásin tekur óvænta stefnu.

Bókin „Ég er að spá í að slútta þessu“ mun vera spennuþrungin og taugatrekkjandi saga um ökuferð sem endar með skelfingu. Húnn hefur slegið rækilega í gegn víða um heim og leikstjórinn Charlie Kaufman, sem tilnefndur hefur verið fjórum sinnum til Óskarsverðlauna, vinnur nú að stórmynd eftir sögunni. Skáldsaga ársins að mati Notable Books Council.

„Ég er að spá í að slútta þessu“ er 218 blaðsíður að lengd. Eyjólfur Jónsson braut bókina um og Alex Merto hannaði kápu. Bókin er prentuð í Danmörku.

SUNDLAUG AKUREYRAR

Vetrartími
(29. ágúst - 3. júní)

Mánudaga - föstudaga
6.45-21.00
Laugardaga
9.00-19.00
Sunnudaga
9.00-18.30

www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Actavis

Léttir á verknum

Paratabs 500 mg filmuhúðaðar töflur. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is